

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

Janúar - Júní 2026

INOVA
KLÚBBURINN

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Samandreginn efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Eiginfjáryfirlit	8
Skýringar	9
Ársfjórðungayfirlit	13

Nova klúbburinn hf.
Lágmúla 9
108 Reykjavík
Kt. 620916-0560

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er móðurfélag Nova hf., þar sem meginstarfsemin er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi, Ofar ehf., þar sem meginstarfsemin er sala og þjónusta á tækniþúnaði, Kosmos ehf. sem selur fjarskiptabjónustu, og Nova Innviða ehf., sem á og rekur fjarskiptainnviði. Ársreikningur þessi samanstendur af ársreikningum Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Ofar ehf., Kosmos ehf., Nova Innviða ehf. og NL9 ehf., saman nefnt „Samstæðan“.

Með sölu 4G- og 5G-dreifikerfis Nova hf. til Sendafélagsins ehf. um síðustu áramót breyttist umfang og rekstrarfyrirkomulag samstæðunnar. Þá varð Ofar ehf. hluti af samstæðureikningi Nova Klúbbsins frá 1. júní 2026 og er rekstur félagsins því aðeins innifalinn í rekstrartölum fyrri árhelmingis í einn mánuð. Sökum þessara breytinga eru rekstrartölur tímabilsins aðeins að hluta til samanburðarhæfar við tölur fyrra árs. Nánari upplýsingar er að finna í skýringum 8 og 11.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til júní 2026 7.423 millj. kr. samanborið við 6.753 millj. kr. á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 1.351 millj. kr. samanborið við 2.043 millj. kr. á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 143 millj. kr. samanborið við 317 millj. kr. á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.315 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.595 millj. kr. um áramót. Eiginfjárlutfall er 32,5%, samanborið við 40,8% um áramót. Vísað er til eiginfjárfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar var þann 8. apríl greiddur arður til hluthafa að fjárhæð sem nemur 0,101 kr. á hlut, eða sem jafngildir 348 millj.kr.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2026 var hlutafé félagsins lækkað í apríl um heildarstöðu eigin hluta, eða sem nemur kr. 106.500.000 að nafnvirði, og nam því útgefið hlutafé eftir það samtals kr. 3.447.374.756.

Í maí hóf Kosmos, nýtt dótturfélag Nova Klúbbsins, að veita fjarskiptabjónustu. Kosmos er byggt upp sem lággjaldafélag með litla yfirbyggingu, sjálfsafgreiðslu og umfangsmikla hagnýtingu gervigreindar og nýtir fjarskiptainnviði Nova. Með starfsemi Kosmos sækir samstæðan inn á nýjan hluta fjarskiptamarkaðarins og styður jafnframt við aukna nýtingu innviða og heildsölulausna Nova.

Í febrúar undirritaði félagið samning um kaup á öllu hlutafé í Ofar ehf., með fyrirvara m.a. um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í maí tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það gerði ekki athugasemdir við samruna Ofar ehf. og félagsins og var endanlega gengið frá kaupunum í júní. Endanlegt heildarvirði viðskiptanna, að teknu tilliti til nettóstöðu veltufjármuna og hreinna vaxtaberandi skulda, nam 4.343 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð með nýju lánsfé og handbæru fé. Sjá frekari upplýsingar um kaupin og áhrifin á samstæðuna í skýringu 11.

Í mars undirrituðu félagið og Rafal ehf. viljayfirlýsingu um stofnun nýs sameiginlegs félags sem mun sérhæfa sig í IoT-laúsum (Internet of Things). Viðræðum félaganna var fram haldið á tímabilinu og er stefnt að frágangi samninga á næstu vikum.

Þann 29. júní tilkynnti félagið um framkvæmd nýrrar áætlunar um endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 millj. kr. að kaupverði í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars. Á tímabilinu keypti félagið eigin hluti að nafnverði 0,8 millj. kr. á meðalgenginu 3,7 kr. fyrir alls 2,7 millj. kr., sjá nánar í skýringu með eiginfjárfirliti.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2026

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2026, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 30. júní 2026, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til júní 2026. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2026

Stjórn

Jón Óttar Birgisson
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Steinunn Hlíf Sigurðardóttir
Meðstjórnandi

Sigríður Olgeirsdóttir
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Forstjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026

	Sk.	1.4.-30.6 2026	1.4.-30.6 2025	1.1.-30.06 2026	1.1.-30.06 2025
Rekstrartekjur					
Sala	4	4.169.743	3.396.698	7.376.552	6.695.848
Aðrar rekstrartekjur		22.150	31.783	46.611	56.657
		<u>4.191.893</u>	<u>3.428.481</u>	<u>7.423.163</u>	<u>6.752.505</u>
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara		2.345.093	1.527.642	4.012.010	3.012.691
Laun og launatengd gjöld		728.715	549.375	1.319.347	1.098.608
Annar kostnaður		416.200	297.367	740.856	598.010
		<u>3.490.009</u>	<u>2.374.384</u>	<u>6.072.214</u>	<u>4.709.309</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA		701.885	1.054.097	1.350.950	2.043.196
Afskriftir	5	(415.924)	(607.504)	(780.615)	(1.190.041)
Rekstrarhagnaður		<u>285.960</u>	<u>446.593</u>	<u>570.334</u>	<u>853.155</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur		6.486	8.231	19.788	18.118
Vaxtagjöld		(277.489)	(263.125)	(496.301)	(468.975)
Gengismunur		(619)	(154)	2.063	(4.419)
	6	<u>(271.622)</u>	<u>(255.048)</u>	<u>(474.450)</u>	<u>(455.276)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	8	24.728	(2.944)	71.334	(2.944)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		39.066	188.601	167.218	394.935
Tekjuskattur		(5.254)	(39.469)	(24.131)	(78.339)
Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu		<u>33.812</u>	<u>149.132</u>	<u>143.087</u>	<u>316.596</u>
Hagnaður á hlut					
Grunnhagnaður á hlut		0,010	0,042	0,041	0,089
Þynntur hagnaður á hlut		0,010	0,042	0,040	0,089

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. júní 2026

Eignir	Sk.	30.06.2026	31.12.2025
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	11	13.070.177	10.136.485
Aðrar óefnislegar eignir		1.386.475	1.329.702
Rekstrarfjármunir		1.701.686	1.275.843
Leigueignir		4.742.171	4.268.210
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum	8	1.184.371	1.113.036
Lán til tengdra aðila	10	152.331	1.801.244
Skatteign		784.412	703.740
Fastafjármunir		<u>23.021.623</u>	<u>20.628.261</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		2.052.090	329.486
Skammtímakröfur á tengda aðila		52.431	139.692
Viðskiptakröfur		2.199.420	1.206.143
Aðrar skammtímakröfur		409.236	351.040
Handbært fé		928.346	889.889
Veltufjármunir		<u>5.641.524</u>	<u>2.916.251</u>
Eignir samtals		<u>28.663.147</u>	<u>23.544.512</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		3.446.625	3.465.675
Yfirverðsreikningur		1.509.205	1.573.388
Varasjóðir		1.085.720	1.723.121
Óráðstafað eigið fé		3.273.878	2.833.296
		<u>9.315.428</u>	<u>9.595.480</u>
Langtímaskuldir			
Tekjuskattsskuldbinding		304.707	0
Vaxtaberandi langtímaskuldir		4.940.821	1.785.000
Leiguskuldbindingar		6.728.996	6.288.870
Aðrar langtímaskuldir		3.188.271	3.121.600
Langtímaskuldir samtals		<u>15.162.795</u>	<u>11.195.470</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir við tengda aðila		161.626	146.331
Næsta árs afborganir langtímaskulda		304.796	105.000
Viðskiptaskuldir		1.724.993	891.981
Reiknaðir skattar til greiðslu		114.378	409.841
Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir		417.862	352.605
Aðrar skammtímaskuldir		1.315.862	712.781
Fyrirframinnheimtar tekjur		145.406	135.023
Skammtímaskuldir samtals		<u>4.184.924</u>	<u>2.753.562</u>
Skuldir samtals		<u>19.347.719</u>	<u>13.949.032</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>28.663.147</u>	<u>23.544.512</u>

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2026

	Sk.	1.4.-30.6 2026	1.4.-30.6 2025	1.1.-30.06 2026	1.1.-30.06 2025
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		33.812	149.132	143.087	316.596
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	5	415.924	607.504	780.615	1.190.041
Tekjuskattur		5.254	39.469	24.131	78.339
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags		(24.728)	2.944	(71.334)	2.944
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna			0	690	0
Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		270.145	255.048	472.973	455.276
		<u>700.407</u>	<u>1.054.097</u>	<u>1.350.162</u>	<u>2.043.196</u>
 Birgðir, (lækkun)		(130.954)	(7.100)	(213.848)	(52.348)
Viðskiptakr. og aðrar kröfur, lækkun (hækkun)		195.569	55.633	94.441	(67.067)
Viðskiptask. og aðrar skuldir, hækkun (lækkun) ...		570.336	(82.531)	556.862	112.857
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>634.951</u>	<u>(33.998)</u>	<u>437.455</u>	<u>(6.558)</u>
 Innheimtar vaxtatekjur		6.487	8.811	19.788	18.118
Greidd vaxtagjöld		(213.957)	(195.905)	(399.867)	(396.171)
Greiddir skattar		(98.794)	(69.551)	(148.297)	(116.073)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.029.095</u>	<u>763.454</u>	<u>1.259.242</u>	<u>1.542.512</u>
Fjárfestingahreyfingar					
Keyptir rekstrarfjármunir		(157.630)	(334.670)	(456.976)	(704.955)
Keyptar óefnislegar eignir		(151.986)	(76.615)	(267.449)	(155.099)
Fjárfest í dótturfélögum - yfirtekið handbært fé	11	(3.933.849)	0	(3.933.849)	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi		0	(350.000)	0	(350.000)
Lán til hlutdeildarfélags	10	0	0	1.648.913	0
		<u>(4.243.465)</u>	<u>(761.285)</u>	<u>(3.009.361)</u>	<u>(1.210.054)</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Keypt eigin hlutabréf		(2.743)	(89.478)	(83.233)	(233.004)
Afborganir leiguskulda		(73.618)	(60.822)	(138.493)	(124.875)
Afborganir annarra langtímaskulda		(16.681)	(15.382)	(33.594)	(30.059)
Arður til hluthafa		(348.184)	(291.417)	(348.184)	(291.417)
Ný lán frá fjármálastofnun		2.700.000	0	2.700.000	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breytingar		(259.226)	0	(259.226)	
Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda		(26.250)	(26.250)	(52.500)	(52.500)
		<u>1.973.298</u>	<u>(483.349)</u>	<u>1.784.770</u>	<u>(731.855)</u>
 (Lækkun) Hækkun á handbæru fé		<u>(1.241.073)</u>	<u>(481.180)</u>	<u>34.650</u>	<u>(399.397)</u>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		344	886	3.807	940
 Handbært fé í upphafi tímabils		<u>2.169.075</u>	<u>1.113.270</u>	<u>889.889</u>	<u>1.031.433</u>
 Handbært fé í lok tímabils		<u>928.346</u>	<u>632.976</u>	<u>928.346</u>	<u>632.976</u>

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2026

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2025	3.587.181	2.014.877	1.549.060	2.512.541	9.663.659
Hagnaður og heildarafkoma					
janúar til desember 2025.....				783.386	783.386
Greiddur arður 0,082 kr. per hlut.....				(291.417)	(291.417)
Áhrif kaupréttar.....				2.848	2.848
Kaup á eigin hlutabréfum.....	(121.506)	(441.489)			(562.995)
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags					
umfram móttækinn arð.....			95.723	(95.723)	0
Lagt í lögbundinn varasjóð.....			78.339	(78.339)	0
Staða 31. desember 2025	3.465.675	1.573.388	1.723.122	2.833.296	9.595.481
Hagnaður og heildarafkoma					
janúar til júní 2026.....				143.087	143.087
Greiddur arður 0,101 kr. per hlut.....				(348.184)	(348.184)
Áhrif kaupréttar.....				8.276	8.276
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags					
umfram móttækinn arð.....			(651.811)	651.811	0
Framlag lögbundinn varasjóð.....			14.409	(14.409)	0
Kaup á eigin hlutabréfum.....	(19.050)	(64.183)			(83.233)
Staða 30. júní 2026	3.446.625	1.509.205	1.085.720	3.273.878	9.315.428

Skráð og útgefið hlutfé í upphafi tímabils nam kr. 3.553.874.756 og eigin hlutir námu kr. 106.500.000. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2026 var hlutfé félagsins lækkað í apríl um heildarstöðu eigin hluta og nam því útgefið hlutfé eftir það samtals kr. 3.447.374.756. Í lok júní hóf félagið endurkaup í samræmi við samþykkt aðalfundar í mars, eigin hlutir sem keyptir hafa verið á tímabilinu frá lok júní nema samtals kr. 750.000. Í tengslum við kaupréttaráætlanir félagsins við fastráðið starfsfólk sitt og Nova hf. sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins í mars 2025 hefur stjórn félagsins heimild til útgáfu allt að 67.913.666 nýrra hluta í félaginu vegna útistandandi kaupréttar sem veittir voru í nóvember 2025.

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Skýringar

1. Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandregni árs hlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 30. júní 2026 samanstendur af samandregnum árs hlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Ofar ehf., Kosmos ehf., Nova Innviða ehf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Nova hf. er íslenskt fjarskiptafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova Klúbbsins hf.. Ofar ehf. er íslenskt sölu og þjónustufyrirtæki á tölvubúnaði og tæknilausnum sem er í 100% eigu Nova Klúbbsins hf.. Kosmos ehf. er íslenskt fjarskiptafélag sem er í 100% eigu Nova Klúbbsins hf.. Nova Innviðir ehf. er íslenskt innviðafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova Klúbbsins hf.. NL9 ehf. er 100% í eigu Nova Klúbbsins hf. og hefur þann eina tilgang að eiga tvo hluti í Nova hf.

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu, sala búnaðar og skyld starfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árs hlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árs hlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2025.

Samandregni árs hlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

3. Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árs hlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavinum

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfspáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

FlakkNet:	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.
FastNet:	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.
Vörusala:	Tekjur af sölu á tölvum, skjám, sjónvörpum, símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.
Aðrar sölutekjur:	Tekjur af sölu hugbúnaðar og annarri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínubjónusta, þjónusta við búnað, endursala á vörum o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

Skýringar

4. Söluþekjur af samningum við viðskiptavinum, frh.:

Janúar til júní 2026	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
Á tímapunkti	0	0	1.518.612	0	1.518.612
Yfir tímabil	3.270.173	2.267.896	0	319.871	5.857.940
Tekjur samtals	3.270.173	2.267.896	1.518.612	319.871	7.376.552

Janúar til júní 2025	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
Á tímapunkti	0	0	854.499	0	854.499
Yfir tímabil	3.291.422	2.077.344	0	472.583	5.841.349
Tekjur samtals	3.291.422	2.077.344	854.499	472.583	6.695.848

Enginn einn viðskiptavinur átti í viðskiptum sem námu meira en 10% af tekjum félagsins á tímabilinu.

5. Afskriftir

	1.1.-30.6 2026	1.1.-30.6 2025
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir óefnislegra eigna.....	245.191	227.947
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	372.259	799.874
Afskriftir nýtingaréttar leigueigna.....	163.165	162.221
	780.615	1.190.042

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1.1.-30.6 2026	1.1.-30.6 2025
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur.....	19.788	18.118
Vaxtagjöld leiguskuldbindinga.....	(242.349)	(254.871)
Vaxtagjöld annarra skulda.....	(44.105)	(41.037)
Verðbætur annarra skulda.....	(107.014)	(75.987)
Vaxtagjöld langtímalána.....	(99.723)	(94.409)
Önnur fjármagnsgjöld.....	(3.109)	(2.671)
Fjármagnsgjöld samtals.....	(496.301)	(468.975)
Gengismunur.....	2.063	(4.419)
Hrein fjármagnsgjöld.....	(474.450)	(455.276)

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eiginhluti í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup eiginhluta. Frá því að ný endurkaupaáætlun hófst í lok júní og til og með 24. ágúst nema heildar kaup eigin hluta samtals 18,3 millj. hluta að nafnverði á meðalgenginu 3,85 fyrir alls 70,4 millj. kr., sem nemur um 0,5% af útgefnu hlutafé félagsins.

Skýringar

8. Eignahlutir í hlutdeildarfélögum

Félagið á eignahlut í þremur hlutdeildarfélögum og sundurliðast áhrif þeirra á tímabilinu þannig;

	Eignarhlutur	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. (HÍN)	16,67%	0	2.596
Sendafélagið ehf.	55,00%	47.080	810.255
DineOut ehf.	20,00%	24.254	371.520
Samtals áhrif hlutdeildarfélaga		71.334	1.184.371

Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. er ekki rekið í hagnaðarskyni og eru því engin áhrif á rekstur samstæðunnar. Heildarhlutur Nova hf. í Sendafélaginu nemur samtals 55% af útgefnu hlutafé þess en hluthafasamkomulag Nova við Sýn sem á 45% hlut kveður á um jöfn stjórnunaráhrif Sendafélagsins og er því eignahlutur samstæðunnar flokkaður sem hlutdeildarfélag í lok árs.

9. Framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf.

Með framsali 4G/5G dreifikerfis um áramót fluttust eignir, starfsfólk og rekstrarkostnaður til Sendafélagsins og kaupir Nova hf. nú alla þjónustu á grundvelli eins þjónustusamnings sem færist að fullu undir rekstrarkostnað í rekstrarreikning. Þetta skýrir að hluta lækkun EBITDA milli ára þar sem kostnaður sem áður féll undir fjárfestingar og afskriftir kemur nú fram í rekstrarkostnaði. Nova hf. átti 50% eignahlut í Sendafélaginu ehf. fram til framsalsins en eignahluturinn jókst í 55% í kjölfar þess. Þar sem hluthafasamkomulag félagsins kveður á um jöfn stjórnunarhlutföll færist hlutur Nova hf. í rekstri Sendafélagsins í samræmi við hlutdeildaraðferð frá og með 1. janúar 2026.

10. Endurgreiðsla á hluthafaláni til Sendafélagsins ehf.

Í tengslum við framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf. um áramótin veitti Nova hluthafalán til Sendafélagsins að fjárhæð um 1.801 millj. kr. Í lok janúar lauk Sendafélagið endurfjármögnun hluta lánsins og greiddi til Nova hf. fjárhæð sem nemur um 1.649 millj. kr. Eftirstöðvar hluthafalánins eru færðar undir fastafjármuni á efnahagsreikning félagsins.

Skýringar

11. Kaup á öllu hlutafé í Ofar ehf.

Á árinu 2026 gerði samstæðan kaupsamning um allt hlutafé í Ofar hf. Yfirtökudagur miðaðist við 1. júní 2026. Ofar ehf. er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði tæknibúnaðar og lausna og þjónustar um 10.000 fyrirtæki. Breidd og slagkraftur samstæðunnar gagnvart fyrirtækjamarkaði og samstarfsaðilum eykst verulega með kaupunum. Kaupin eru mikilvægt skref í að styrkja tekjustoðir samstæðunnar með aukinni aðgreiningu á sviði þjónustu, tækni og innviða. Nova hf. og Ofar verða rekin í sitthvori lagi, hvort undir sínu vörumerki, en tækifærin liggja m.a. í auknu vöruframboði og kross-sölu þar sem markhópar félaganna eru ólíkir. Útdeilingu kaupverðs Ofar ehf. er ekki lokið og kann að taka frekari breytingum í allt að eitt ár frá yfirtökudegi. Áhrif yfirtökunnar voru eftirfarandi á efnahagsreikning samstæðunnar 1. júní 2026.

Aðrar óefnislegar eignir	22.043
Rekstrarfjármunir	341.815
Leigueignir	409.569
Birgðir	1.508.755
Viðskiptakröfur	1.277.145
Aðrar skammtímakröfur	36.907
Handbært fé	408.420
Tekjuskattsskuldbinding	(306.132)
Leiguskuldbindingar	(409.569)
Aðrar langtímaskuldir	(714.121)
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	(259.225)
Viðskiptaskuldir	(343.653)
Ógreiddir skattar	(8.144)
Aðrar skammtímaskuldir	(554.083)
Hreinar aðgreinanlegar eignir alls	<u>1.409.726</u>
Viðskiptavild	2.933.692
Kaupverð greitt með handbæru fé	(4.343.418)

Frá yfirtöku Ofar ehf. 1. júní 2026 til 30. júní 2026 skilaði félagið samstæðunni heildartekjum 768 millj. kr. og EBITDA að fjárhæð 26 millj. kr.. Ef Ofar ehf. hefði, í óbreyttri mynd, verið hluti af samstæðunni frá 1. janúar 2026 er áætlað að félagið hefði skilað samstæðunni tekjum að fjárhæð 4.678 millj. kr. og EBITDA að fjárhæð 363 millj.

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit 2026 í millj. kr.:

	F1 2026	F2 2026	Samtals 2026
FlakkNet	1.609	1.661	3.270
FastNet	1.126	1.142	2.268
Vörusala	390	1.129	1.519
Aðrar sölutekjur	83	237	320
Aðrar rekstrartekjur	24	22	47
Rekstrartekjur	3.231	4.192	7.423
Kostnaðarverð seldra vara	(1.667)	(2.345)	(4.012)
Laun og launatengd gjöld	(591)	(729)	(1.319)
Annar kostnaður	(325)	(416)	(741)
Rekstrarkostnaður	(2.582)	(3.490)	(6.072)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	649	702	1.351
Afskriftir rekstrarfjármuna	(174)	(198)	(372)
Afskriftir óefnislegra eigna	(115)	(131)	(245)
Afskriftir nýtingaréttar	(76)	(87)	(163)
Afskriftir	(365)	(416)	(781)
Rekstrarhagnaður, EBIT	284	286	570
Vaxtatekjur	13	6	20
Gengismunur	3	(1)	2
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(42)	(58)	(100)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(120)	(122)	(242)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(22)	(22)	(44)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(33)	(74)	(107)
Önnur fjármagnsgjöld	(1)	(2)	(3)
Fjármagnstekjur og gjöld	(203)	(272)	(474)
Áhrif hlutdeildarféлага	47	25	71
Hagnaður fyrir tekjuskatt	128	39	167
Tekjuskattur	(19)	(5)	(24)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	109	34	143
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(185)	(195)	(381)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	464	506	970
Kennitölur í rekstrarreikning			
EBITDA hlutfall	20,09%	16,74%	18,20%
EBITDAaL hlutfall	14,35%	12,08%	13,07%
EBIT hlutfall	8,80%	6,82%	7,68%
Hagnaður á hlut	0,032	0,010	0,041
Þynntur hagnaður á hlut	0,031	0,010	0,040
Kennitölur í efnahagsreikning	31.3.2026	30.6.2026	
Eiginfjárlutfall	41,09%	32,50%	
Veltufjárlutfall	1,632	1,348	

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit 2025 í millj. kr.:

	F1 2025	F2 2025	F3 2025	F4 2025	Samtals 2025
FlakkNet	1.623	1.668	1.705	1.629	6.626
FastNet	1.028	1.049	1.056	1.100	4.233
Vörusala	410	444	495	651	2.001
Aðrar sölutekjur	237	235	232	416	1.121
Aðrar rekstrartekjur	25	32	25	236	318
Rekstrartekjur	3.324	3.428	3.514	4.033	14.299
Kostnaðarverð seldra vara	(1.485)	(1.528)	(1.607)	(1.977)	(6.597)
Laun og launatengd gjöld	(549)	(549)	(516)	(662)	(2.277)
Annar kostnaður	(301)	(297)	(281)	(291)	(1.169)
Rekstrarkostnaður	(2.335)	(2.374)	(2.404)	(2.929)	(10.043)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	989	1.054	1.109	1.103	4.256
Afskriftir rekstrarfjármuna	(389)	(411)	(408)	(487)	(1.695)
Afskriftir óefnislegra eigna	(114)	(114)	(102)	(109)	(439)
Afskriftir nýtingaréttar	(79)	(83)	(83)	(29)	(274)
Afskriftir	(582)	(608)	(593)	(624)	(2.407)
Rekstrarhagnaður, EBIT	407	446	516	479	1.849
Vaxtatekjur	10	8	8	74	100
Gengismunur	(4)	(0)	(0)	1	(4)
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(49)	(46)	(43)	(44)	(182)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(124)	(131)	(116)	(123)	(493)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(21)	(20)	(21)	(21)	(83)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(7)	(69)	(43)	(13)	(132)
Önnur fjármagnsgjöld	(5)	2	(17)	3	(16)
Fjármagnstekjur og gjöld	(200)	(255)	(232)	(123)	(810)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	(3)	0	9	6
Hagnaður fyrir tekjuskatt	207	188	284	365	1.045
Tekjuskattur	(39)	(39)	(57)	(123)	(258)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	168	149	228	242	786
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(188)	(191)	(174)	(209)	(763)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	801	863	936	894	3.493

Kennitölur í rekstrarreikning

EBITDA hlutfall	29,76%	30,75%	31,57%	27,36%	29,76%
EBITDAaL hlutfall	24,09%	25,16%	26,63%	22,17%	24,43%
EBIT hlutfall	12,24%	13,02%	14,69%	11,88%	12,93%
Hagnaður á hlut	0,047	0,042	0,064	0,010	0,163

Kennitölur í efnahagsreikning

	31.3.2025	30.6.2025	30.9.2025	31.12.2025
Eiginfjárlutfall	40,51%	39,93%	39,94%	40,75%
Veltufjárlutfall	1,257	1,116	2,072	1,059